

Í Fossvogsskóla er lögð áhersla á að nýta tækifærin sem gefast í skólasamfélaginu til innihaldsríkra samskipta en samskiptahæfni er eitt mikilvægasta menntagildi samfélagsgreina. Fjallað er um samfélög og menningu á upplýsandi hátt þannig að nemendur geti tekið gagnrýna afstöðu til ýmissa þátta og brugðist við áskorunum sem þeir mæta. Saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði eru allt samfélagsgreinar. Saman byggja þær undir þann grunn sem nauðsynlegur er hverju barni til að takast á við verkefni líðandi stundar í samfélagi sem tekur sífelldum breytingum.

Nemendur fá mörg tækifæri til að hafa áhrif á skólasamfélagið. Hver árgangur á tvo fulltrúa í umhverfisráði og nemendur í 6. og 7. bekk geta boðið sig fram til þátttöku í skólaráði og nemendaráði. Nemendur standa fyrir leikjum í frímínútum og stuðla þannig að jákvæðum samskiptum í skólanum. Skólastjórnendur funda með hverjum árgangi einu sinni á ári þar sem farið er yfir það sem vel er gert og hvað má betur fara. Á fundunum koma gjarnan fram ábendingar hjá nemendum sem hafa jákvæð áhrif á skólabraginn.

Auk upplýsingatækni sem er snar þáttur í námi barnanna er mikil samþætting með samfélagsgreinum og íslenskunámi. Þá gefast ótal tækifæri til listrænnar sköpunar þar sem nemendur geta sett sitt mark á verkefnaval og skil.

Til útskýringar: Texti á ljósgráum fleti er hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskóla frá 2013.

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum.	5.bekkur	6.bekkur	7.bekkur
Reynsluheimur Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann	Við lok 7.bekkjara getur nemandi <ul style="list-style-type: none"> - sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi, - skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú, - fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta, - gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa, - aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum, - notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni, - rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagssumræðu, - dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar. 		

	<p>Við lok 5. bekkjar getur nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar, - notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga, - lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifapætti, - greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum, - rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs, - gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims, - borið saman valin trúar- og lífsviðhorf, - gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra, - gert grein fyrir hugmyndum um sam hjálþ og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu, 	<p>Við lok 6. bekkjar getur nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður, - áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði, - lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi, - metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð, - séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni, 	<p>Við lok 7. bekkjar getur nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks, - nefnt dæmi um áhrif helgiritana helstu trúarbragða á menningu og samfélög, - borið kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum, - lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta, - gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana, - lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga, - sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið,
<p>Námsleiðir</p>	<p>-Nemendur lesa efni undir leiðsögn kennara í samlestri. Rætt er um inntak efnisins og unnið með orðaforða. Farnar eru fjölbreyttar leiðir í úrvinnslu efnis og leitað er fanga út fyrir veggj kennslustofunnar og efnið tengt málefnum líðandi stundar.</p>		

	<p>-Nemendur undirbúa og flytja kynningar fyrir samnemendur eða stærri hópa s.s. foreldra. Kynningar eru á fjölbreyttu formi og eru samþættar upplýsinga- og tæknimennt:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skjá kynningar • rafbækur • stuttmyndagerð • hreyfimyndaforrit • spurningaforrit s.s. Kahoot <p>-Samþætting er með trúarbragðafræði og íslensku. Unnið er með orðaforða, málskilning, lesskilning og framsögn.</p> <p>-Farnar eru ólíkar leiðir í úrvinnslu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • hefðbundin vinnubókavinna þar sem leitað er svara í lesefni • bókagerð þar sem listsköpun hvers og eins fær notið sín • veggspjaldagerð • unnið með kort, áttir og rötun • leikræn tjáning • vettvangsferðir 		
<p>Hugarheimur Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</p>	<p>Við lok 5.bekkjara getur nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu, - áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast, - gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum, - vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi 	<p>Við lok 6.bekkjara getur nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dyggða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund, - gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess, - sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni. 	<p>Við lok 7. bekkjara getur nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra,

	<p>með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt,</p> <ul style="list-style-type: none"> - lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun, - tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti, - gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna, - sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum, 		
Námsleiðir	<ul style="list-style-type: none"> • bekkjarfundir • lífsleikni • heimspeki – samræðuhefð – samræðuform • málfundir • Uppeldi til ábyrgðar • klípusögur • ritun • bókmenntir • sjálfsmat • jafningjamat 		
Félagsheimur Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra	<p>Við lok 5.bekkar getur nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu, - tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum, 	<p>Við lok 6.bekkar getur nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta, - metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt, 	<p>Við lok 7.bekkar getur nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga, - nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda,

	<ul style="list-style-type: none"> - tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra, - sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra, - rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum, - tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt, - rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra, - sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju. 	- nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu,	
Námsleiðir	<ul style="list-style-type: none"> • frímínútur • vettvangsferðir • útikennsla • samvinnuverkefni • hópvinna • valsvæði • matsalur • vinaliðar • umsjónarmenn • bekkjarsáttmáli • þemadagar • skólavinir (7.bekkur) • ABC – hjálparstarf (5.bekkur) 		
Þjargir og námsgögn	Landafræði Íslands Samvinnuverkefni um landshluta og staði á Íslandi.	Landafræði Norðurlanda Samvinnuverkefni um staði, fólk og menningu.	Landafræði Evrópu Samvinnuverkefni um skipulag Evrópureisu þar sem kynnt eru ólík lönd, staðir og menning.

	<p>-Grunnbækur: <i>Ísland veröld til að njóta</i>, lesbók og vinnubók.</p> <p>Landnám Íslands Þemaverkefni um landnámsfólk og lífnaðarhætti þess. - Grunnbækur: <i>Víkingar, Leifur heppni</i>.</p> <p>Trúarbragðafræði Kristin trú og Ásatrú. Grunnbók: <i>Kristin trú</i> og lestextar í grunnbókum með landnámi Íslands.</p> <p>Lífsleikni Unnið með samskiptafærni og grunnþarfirnar skv. Uppeldi til ábyrgðar. Grunnbækur: bækur Sigrúnar Aðalbjarnardóttur um samskipti, <i>Kompás</i>. Markmiðssetning.</p> <p>Vettvangsferðir sem tengjast viðfangsefnum: Þjóðminjasafnið, Landnámssýningin 871+/- 2.</p>	<p>-Grunnbækur: <i>Norðurlönd</i>, lesbók og vinnubók.</p> <p>Saga Íslands Sturlungaöld fram til loka þjóðveldis. -Grunnbækur: <i>Snorra saga, Sögueyjan 1</i>. Vinnubókargerð og verkefnahefti.</p> <p>Trúarbragðafræði Islam, Gyðingdómur og sköpunarsögur úr ýmsum áttum. Grunnbækur: <i>Gyðingdómur- sáttmáli þjóðar, Islam - að lúta vilja Guðs</i>.</p> <p>Lífsleikni Unnið með samskiptafærni og grunnþarfirnar skv. Uppeldi til ábyrgðar.</p> <ul style="list-style-type: none"> • málefni líðandi stundar • klípusögur • bókmenntatextar • ljóð • tónlist • myndefni <p>Vettvangsferðir sem tengjast viðfangsefnum: Reykholt, slóðir Snorra Sturlusonar</p>	<p>-Grunnbók: <i>Evrópa</i>, leshefti og vinnubók.</p> <p>Saga Íslands Miðaldir fram á fyrri hluta 19.aldar. Grunnbækur: <i>Sögueyjan 1 og 2</i>.</p> <p>Trúarbragðafræði Hindúasiður, Búddahtrú, Kristin trú – Helgileikur. Grunnbækur: <i>Hindúatrú, Guð í mörgum myndum og Búddahtrú, Leiðin til Nirvana</i>,</p> <p>Lífsleikni Unnið með samskiptafærni og grunnþarfirnar skv. Uppeldi til ábyrgðar.</p> <ul style="list-style-type: none"> • málefni líðandi stundar • klípusögur • bókmenntatextar • ljóð • tónlist • myndefni <p>Vettvangsferðir sem tengjast viðfangsefnum: Þjóðminjasafnið, Landnámssýningin 871+/- 2.</p>
Tónlist og myndlist, einkum í trúarbragðafræði og lífsleikni.			

<p>Námsmat</p>	<p>Landafræði Íslands Verkefni og vinnubækur: Símat.</p> <p>Saga Íslands Verkefni og vinnubækur: Símat.</p> <p>Trúarbragðafræði Verkefni og vinnubækur: Símat.</p> <p>Virkni, vinnusemi, inntak og framsetning metin.</p>	<p>Landafræði Norðurlanda Verkefni og vinnubækur: Símat. Virkni, vinnusemi, inntak og framsetning metin.</p> <p>Saga Íslands Skrifleg verkefni: Valin verkefni tekin fyrir þar sem inntak og frágangur er metinn. Önnur verkefni: Samvinna, vinnuframlag, inntak og framsetning metin.</p> <p>Trúarbragðafræði: Jafningjamat og kennaramat. Samvinna, sjálfstæði í vinnubrögðum, vinnuframlag og vinnubrögð metin.</p>	<p>Landafræði Evrópu Verkefni og vinnubækur: Símat. Lesefni: Kannað er úr völdu efnis, nemendur fá tækifæri til að undirbúa sig heima. Lokaverkefni: Jafningjamat og kennaramat. Samvinna, sjálfstæði í vinnubrögðum, vinnuframlag og vinnubrögð metin. Kynning: Kennaramat þar sem framsögn og framsetning efnis er metin.</p> <p>Saga Íslands Skrifleg verkefni: Valin verkefni tekin fyrir og inntak og frágangur metinn. Önnur verkefni: Samvinna, vinnuframlag, inntak og framsetning metin.</p> <p>Trúarbragðafræði Vinnubók: Virkni, vinnusemi, inntak og framsetning metin.</p>
-----------------------	--	--	--